

16. desember 2009

SI-58717

Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Með tölvupósti dags. 7. desember 2009 óskaði viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (gjöld á eftirlits-skyldar fjármálastofnanir), 228. mál.

Frumvarpið kveður á um gjöld á eftirlitsskyldar fjármálastofnanir til að fjármagna rekstur Fjármálaeftirlitsins. Gert er ráð fyrir hækkun álagningarhlutfalla til að mæta auknum rekstrarkostnaði eftirlitsins á árinu 2010. Þó er gert ráð fyrir að álagningarhlutföll váttryggingafélaga lækki og álagningarhlutföll váttryggingamiðlara haldist óbreytt. Samkvæmt áætlun Fjármálaeftirlitsins verður álagt eftirlitsgjald á árinu 2009 samtals 766 m.kr. en 1.022 m.kr. árið 2010 og nemur áætluð hækkun milli ára um 256 m.kr., eða 33%.

Á undanförunum misserum hefur starfsumhverfi Fjármálaeftirlitsins gjörbreyst og tekið stakkaskiptum frá því sem áður var. Í kjölfar bankahrunsins hafa verkefni eftirlitsins aukist og ljóst er að umtals-verðri vinnu við endurreisn fjármálakerfisins er enn ólokið. Fjármála-efniritið er ein þeirra stofnana sem munu bera þungan af þeirri vinnu. Þá má einnig gera ráð fyrir að í framtíðinni verði eftirlit með fjármálastarfsemi öflugra en var í aðdraganda fjármálakreppunnar. Til að svo megi verða er nauðsynlegt að styrkja stoðir eftirlitsins og gera því kleift að sinna hlutverki sínu af kostgæfni. Jafnframt er æskilegt að starfsemi stofnunarinnar verði löguð tímanlega að breyttum aðstæðum.

Af framansögðu er ljóst að umrætt frumvarp mun að óbreyttu stuðla að öflugra fjármálaeftirliti. Seðlabankinn gerir ekki frekari athugasemdir við efni frumvarpsins og styður framgang þess.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Stefán Þór Sigtryggsson
sérfræðingur